



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

Tillaga að aðalskipulagi auglýst

- deiliskipulag miðbæjar í umræðu og
deiliskipulag vestursvæða auglýst

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur auglýst eftir athugasemdum við endurskoðað aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar fyrir tímabilið frá 2015 til 2033. Tillagan nær til alls lands innan sveitarfélagsins og eru íbúar hvattir til að kynna sér hana vel eins og segir í auglýsingu. Þá er forsoðgn að deiliskipulagi um nýjan miðbæ á Seltjarnarnesi til umsagna nefnda bæjarfélagsins og gert er ráð fyrir að umsagnir liggi fyrir um komandi áramót.

Umrætt deiliskipulag byggir á verðlaunatillögu Kanon arkitekta um framtíðarskipan miðbæjar

á Seltjarnarnesi. Tillagan að deiliskipulagi nýs miðbæjar var upphaflega kynnt á fundi bæjarstjórnar og skipulags- og umferðarnefndar skömmu fyrir síðustu jól. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að þrír reitir myndi miðbæjar-svæði á Seltjarnarnesi sem eru; Eiðistorg, Austurströnd og Melhúsa-reitur þar sem leikskólar bæjarins standa nú. Í tillögu Kanon arkitekta er meðal annars lagt til að byggt verði nýtt torg Nestorg við horn Suðurstrandar og Nesvegar.

Framhald á bls. 2.

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Myndlistarvörur
Allt sem þú þarft
í Borgartúni 22

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22
Opið: 8-18 virka daga
10-14 laugardaga

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

JÓLAD-CATAL

Félag þínar vinna og skilgæta jóla tveir 24 Hagkaupvernum

HAGKAUP
PREMIER
Discovery of taste

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hrein lífræn næring

Ægisíða 121 f /grænheilsa



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka



NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Ófögur sjón við Bygggarða

Um árabíl hefur verið ætlað að endurbyggja Bygggarðahverfið á Seltjarnarnesi. Breyta því úr umhverfi iðnaðar og vélamennsku í íbúðabyggð. Ýmislegt hefur þó tafið að ráðist yrði í þetta verkefni.

Farið var að vinna að þessu á fyrsta áratug aldarinnar. Svo skall hrúnið á í nóvember 2008 og þar með fóru allar hugmyndir um byggingu íbúðahverfis á frest.

Enn hefur skipuleg vinna við það ekki hafist. Ljóst er að mikils undirbúnings er þörf einkum þegar kemur að jarðvinnu og frágangi lagna sem þarf að byggja upp algerlega frá grunni. Þá er enn ósamið við suma eigendur iðnaðarhúsnæðis á svæðinu og líkur til að einhverjir þeirra muni ekki sýna vilja til að yfirgefa það með góðu fyrir sanngjarnar greiðslur.

Með umbreytingu Bygggarða opnast möguleikar til að fjölga Seltirningum nokkuð og skapa bæjarfélaginu meiri tekjur af íbúum – bæði í formi fasteignaskatta og útsvarsgreiðslu af tekjum.

Snoppa og Gróttu vekja stöðugt meiri áhuga. Fleira og fleira fólk leggur leið sína út á vestur enda Seltjarnarnes – ferðafólk sem innlendir borgarar og Nesbúar.

Á leið út á Vesturnesið þarf fólk að fara fram hjá iðnaðarsvæðinu í Bygggördum eða öllu heldur leyfum þess þar sem umtalsverður hluti iðnaðarstarfseminnar hefur verið fluttur á brott.

Það sem eftir lifir af iðnaðarstarfseminni eru einkum bílaverkstæði sem tæpast eru starfrækt með þeim hætti sem kalla mætti nútímalega starfsemi. Eigendur þessa verkstæða virðast einna helst gera út á að safna öökufærum bílum – bílhræjum hugsanlega til þess að taka varahluti úr þeim og nota í önnur eitthvað skárri ökutæki.

Vestur Bygggarðasvæðið er bókstaflega undirlagt af ógangfærum bílhræjum og lítt fögrum sem safnað hefur verið saman. Ekki fer saman krafa um varðveislu náttúruperla, umferð ferðafólks og þeirra ruslahauga sem nú eru við vestanverða Bygggarðana. Þetta er ófögur sjón – nokkuð sem bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi verða að taka á og helst án tafar.

Framhald af forsíðu.

Með nýjum viðbyggingum og endurbótum á núverandi húsnæði að Suðurströnd og Nesvegi verði skapað notalegt og skjólsælt torgrými þaðan sem vegfarendur verði leiddir að verslunum og þjónustu Eiðistorgs um nýja og aðlaðandi aðkomu. Gert er ráð fyrir nýrri íbúðarhæð ofan á Nesveg 17 og að ný öflug almenningsmagnastöð verði staðsett við Nestorg. Þá verði skapað byggingarými fyrir 15 íbúðir og nýtt atvinnuhúsnæði. Lagt er til að efla verslun og þjónustu við Eiðistorg. Fyrirkomulag þess og aðgengi á milli hæða verði einfaldað og skilvirkur lyftur og stigar leysi skábrautir af hólmi.

Deiliskipulag vestursvæðanna auglýst á ný

Þá hefur bæjarstjórn Seltjarnarnes

samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi Vestursvæðis á Seltjarnarnesi. Tillagan nær yfir nokkur eldri deiliskipulagssvæði vegna Lækningaminjasafns; svæði vestan íbúðabyggðarinnar, Suðurnes, Gróttu, Safnatröð og svo til viðbótar yfir íbúðagöturnar, Sefgarða, Sævargarða, Neströð, Nesbala og húsa við Lindarbraut vestan götu ásamt öllum strandsvæðum. Deiliskipulagi Vestursvæðanna var flýtt á sínum tíma, m.a. vegna fyrirhugaðrar byggingar hjúkrunarheimilis og það auglýst. Þá kom upp sú staða að nauðsynlegt var að auglýsa breytingu á gildandi aðalskipulagi frá 2006 til 2024 vegna hjúkrunarheimilis samhliða auglýsingu á breyttu deiliskipulagi Vestursvæða. Þar sem það var ekki gert hefur nýtt deiliskipulag Vestursvæða verið auglýst samhliða auglýsingu á nýrri tillögu að aðalskipulagi til þess að samræmist sé gætt.

Rauda Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvörumatur

Coca-Cola

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára albyrgð

J.S. LJÓSAMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finndu okkur á
Facebook

sushi
samba

8 rétta deluxe

Jólamatseðill

Við byrjum á glasi af freyðivíni

Krónhjartar „Tataki“

Kaldreyktar perur, vinagriette og frisesalat

Pekingönd

Svart-hvítlauksmauk, brennt blómkál og Waldorfsalat

Reykt laxarúlla

Reyktur lax, japönsk ommiletta

Reykt laxahrogn „Gunkan“

Bleikju nigiri

Birkikrydd

Leturhumar

Steiktur leturhumar, grænt sellerí, vorlaurur, humar-smjörsósa og mangósalsa

Nautalund

Kartöfluterrin með sveppum, grænertur, soðsósa, nípumauk

Og í eftirrétt

Jóla-ostakaka

Piparkökucrumble, Amaretto-karamella, eplaborbet

7.990 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið

Borðapantanir í síma 568-6600



Sushi Samba
Þingholtsstræti 5
sushisamba.is

Hlín Reykdal

CONCEPT STORE

HLINREYKDAL.COM

FISKISLÓÐ 75
101 REYKJAVÍK
571 1407

HLINREYKDALSTUDIO

HLÍN REYKDAL

NES FRÉTTIR www.borgarblod.is

Trönurnar endurreistar

Trönurnar á Snoppu hafa verið endurreista. Þær hafa löngum þótt eitt af merkari kennileitum bæjarins og verður fengur af því að fá þær aftur á sinn stað. Trönurnar hafa ekki farið varhluta af hvössum vindum við ströndina og hrundu þær eins og spilaborg í ofsaveðri sem geisaði á Nesinu vorið 2015. Endurbyggingu þeirra má rekja til þess að Jón Snæbjörnsson vakti athygli á því á Facebook hvort ekki væri ástæða til að endurreisa trönurnar eftir óveðrið og vill Seltjarnarnesbær þakka Jóni framtakið sem og öllum þeim Seltirningum sem komu að endurgerðinni.

Steinunn Árnadóttir garðyrkjustjóri bæjarins sá ásamt Jóni um að útvega efni en að endurbyggingunni komu m.a. Örn Felixsson, Jón Snæbjörnsson, Ingimar Sigurðsson, Páll Vilhjálmsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Árni Kolbeins, Jónatan Guðjónsson, Örn Óskarsson, Guðmundur Ingi Hjartarson, Guðjón Sigurður Jónatansson og Þórður Ægir Jensson.

Við Gróttu á Seltjarnarnesi var fyrir áratugum síðan mikil útgerð. Þar voru margir útvegsbændur og áttu Seltirningar árið 1884 40 sexæringa og níu áttæringa. Um svipað leyti áttu Seltirningar átta skonnortur til viðbótar sem voru fyrstu þilskipin sem gerð voru út frá Íslandi. Skútu- og þilskipaútgerð frá Seltjarnarnesi náði hámarki 1904 en eftir það fór að fjara undan henni.

Margir fiskihjallar voru á Seltjarnarnesi en heyra þeir nú sögunni til. Trönur hafa líka lengi staðið við Gróttu til þurrkunar á



fiski. Árið 2006 voru miklar trönur reistar við Gróttu til minningar um útgerðina og fiskverkunina. Krakkar léku sér löngum við að klöngrast í þeim og höfðu gaman af að láta foreldra eða aðra umsjónarmenn elta sig á þeim.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188

Draumasveitarfélag Vísbendingar

Seltjarnarnesbær fellur í 8. sæti



Vestmannaeyjabær hefur tekið við af Seltjarnarnesbæ sem draumasveitarfélagið að mati tímaritsins Vísbendingar sem um árabíl hefur metið fjárhagslegan styrk sveitarfélaga. Úttekt tímaritsins byggir á ársreikningum þar sem farið er yfir tekjur, skuldir, eignir og grunnrekstur bæði A og B hluta í efnahagsreikningum þeirra.

Seltjarnarnesbær og Garðabær sem lengst af hafa skipst á um að sitja í draumasætinu falla nú bæði niður – Garðabær í fjórða sæti og Seltjarnarnesbær sem hefur setið í draumasætinu undanfarin tvö ár fellur úr fyrsta sæti niður í það áttunda. Á síðasta ári hlaut Seltjarnarnesbær einkunnina 9,0 eftir reikniformúlu Vísbendingar en Garðabær var með einkunnina 8,1. Í ár er staðan nokkuð breytt því Grindavík er í öðru sæti á eftir Vestmannaeyjum með einkunnina 8,1 og Fjallabyggð í því þriðja með 7,5.

Bæjarstjórninni var heimilt að semja við LNS Sögu

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar var heimilt að ganga til samninga við verktakafyrirtækið LNS Sögu ehf. um byggingu hjúkrunarheimilis í bæjarfélaginu. Þetta kemur fram í niðurstöðu Kærunefndar útboðsmála.

Í niðurstöðu nefndarinnar kemur fram í ársreikningi LNS Sögu fyrir árið 2015 hafi eiginfjárlutfall félagsins aðeins verið rétt ríflega 2%, rekstur þess verið í járnnum og að veruleg óvissa uppi um fjármögnun sem geti haft veruleg áhrif á rekstrarhæfi félagsins og þar af leiðandi getu þess til að gera upp skuldir við eðlileg rekstrarskilyrði. Þess skal getið að umræddur ársreikningur var undirritaður af óháðum endurskoðanda.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústru kröfur.



Bilþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bilþvott, djúphreinsun, bón off. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Samstarf um stækkun fimleikahússins á Seltjarnarnesi



Hugmynd er um að Seltjarnarnesbær og Reykjavíkurborg standi saman að stækkun ípróttaaðstöðu Gróttu á Seltjarnarnesi. Gert er ráð fyrir að reisa viðbyggingu við núverandi ípróttaaðstöðu og nýja byggingin verði nýtt til iðkunar fimleika.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur heimsótti fimleikadeild Gróttu, leit við á æfingu og sagði frá hugmyndinni um fyrirhugað samstarf en Dagur flutti starfsaðstöðu sína úr ráðhúsi Reykjavíkurborgar í Vesturbæinn

í nokkra daga og kom þá við á Seltjarnarnesi. Upphaf þessara hugmynda má rekja til viðræðna sveitarfélaganna 2010 þótt ekki yrði af samstarfi á þeim tíma. Reykvikingar starfa mikið með Gróttu á sviði fimleika og mun allt að 80% iðkenda í Gróttu vera búsetta í Reykjavík. Málið er enn á frumstigi og eftir er að ákveða hvernig kostnaði við nýbygginguna verður skipt á milli sveitarfélaganna og einnig endanlega stærð hennar. Miðað er við að þessu verkefni verði lokið innan þriggja ára.



Hrólfsskálamelur glæsileg útsýnisíbúð

Ný og glæsileg 212,5 fm endaíbúð á 4. hæð í nýju lyftuhúsi við Hrólfsskálamel á Seltjarnarnesi. Íbúðinni fylgja tvö stæði í bílageymslu og geymsla með aksturshurð.

Tvennar stórar svalir. Íbúðin afhendist fullbúin án gólfena.

Nánari uppl. veitir: Reynir Björnsson hagfræðingur og lögg. fasteignasali í síma 895-8321 eða reynir@eignamidlun.is

Sérbylí á Seltjarnarnesi óskast

Höfum kaupanda að 150-270 fm einbýlis-, par- eða raðhúsi á Seltjarnarnesi. Raðhús í Myrinni kemur vel til greina.

Hæð á Seltjarnarnesi óskast

Höfum kaupanda að 150-250 fm hæð á Seltjarnarnesi. Nánari uppl. veitir Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali, magnea@eignamidlun.is

 **EIGNAMIDLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Eitna starfandi fasteignasala landið



LÍKLEGA BESTI

HOLLI SKYNDIBITINN

Á ÍSLANDI!

Einnig

TAKE AWAY 😊



XO

FUN · FAST · FUSION

JL HÚSINU · HRINGBRAUT 119 · XOFOOD.IS

Nýtt merki Félags eldri borgara

- félagsstarfið einkum beinst að kjaramálum

Um þessar mundir er eitt ár frá því að Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi var stofnað. Á þessu ári hefur verið unnið að því m.a. að gera félagið virkt í Landsambandi eldri borgara þar sem fram fer umræða og hagsmunagæsla vegna eldri borgara á landsvísi.

Undanfarna mánuði hefur starfið einkennst af kjarabaráttunni og umræðum um gjörbreytt lagaum-

hverfi almannatrygginga. En mikil einföldun og um leið breyting hefur verið gerð á því kerfi, sem snertir alla á eftirlaunaaldri með einum eða öðrum hætti, Félagar eru hvattir til að kynna sér sína stöðu á vef Tryggingarstofnunar, þar sem komin er reiknivél, sem reiknar út greiðslur til hvers og eins í samræmi við hin nýju lög sem taka gildi um áramótin.

Þá hefur starf félagsins beinst



FEBSEL

FÉLAG ELDRÍ BORGARA
SELTJARNARNESI

Hið nýja merki Félags eldri borgara. Merkið þykir fagurt, litríkt og táknrænt fyrir umhyggju og alúð.

mikið að aðild þess að Öldungaráði Seltjarnarness, sem stofnað var í upphafi árs og félagið á þar þrjá fulltrúa af fimm. Á fundum Öldungaráðsins eru rædd margvísleg mál tengd þjónustu við eldri borgara á Selt-

jarnarnesi. Á undanförunum fundum hefur ráðið m.a. verið að fara yfir umræðu og tillögur sem komu fram á íbúáþinginu á síðasta ári.

Vegna aðildar okkar að Landsambandinu njóta félagsmenn ýmiss konar afsláttar af vörum og þjónustu gegn framvísun félagsskírteinis Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi.

Elsa Nielsen bæjarlistamaður Seltjarnarness kom á stjórnarfund hjá félaginu í sumar og kynnti þrjár hugmyndir að merki fyrir félagið. Eftir athugun og umræður reyndist stjórnin einhuga um að velja eina þeirra sem merki þess. Það þykir fagurt, litríkt, táknrænt fyrir umhyggju, alúð og kjarnann í starfi félagsins. Stjórnin flytur Elsu alúðarþakkir fyrir þessa faglegu vinnu en hún ákvað að færa okkur eldri borgurum á Nesinu þetta fallega og táknræna merki að gjöf.

Eins og áður hefur verið bent á er félagið eðlilegra sterkara með fleiri félagsmönnum. Allir á Seltjarnarnesi 60 ára og eldri geta gengið í félagið með því að senda okkur póst á feb@simnet.is

Send eru fréttabréf til félagsmanna eftir því sem við á með helstu upplýsingum frá félaginu og Landssambandinu.

Borðið í desember

Jólaplatti Borðsins

- Grafinn sjúrríði -
rauðrófa greni piparrót

- Paté að hætti Borðsins -
brioche brauð bláber heslihetur

- Villt gæs og reykt grísasiða -
jólakryddaður gljái nipa rauðkál

- Hvítsúkkulaðimús -
pera dulce de leche appelsína möndlukaka



BORÐID
Lögisliðu 123 - 107 Reykjavík
www.borrid.is

Þú færð pokana undir plastumbúðir í ípróttamiðstöðinni

- vertu með í að auka endurvinnslu



Upplýsingar um tilraunaverkefni SORPU og Seltjarnarness eru á vefnum sorpa.is

SORPA



VIÐHELDUR UNGLEGUM LJÓMA

NÝTT



CELLULAR PERFECT SKIN

Vinnur gegn hrukkum og viðheldur unglegum ljóma húðarinnar. Byltingarkennd formúla með magnolíu þykkni sem eykur mótstöðukraft frumanna gegn stressi og Lumicinol sem dregur úr myndun húðbletta.

Viðtal við Rögnu Ingimundardóttur

Vasarnir mínir eru persónur

- segir Ragna Ingimundardóttir leirkerasmiður á Seltjarnarnesi

Tveir vasar blasa við komumanni þegar gengið er inn í Bókasafn Seltjarnarness. Standandi á stalli minna þeir á mannsmyndir. Skreytingarnar sýna sterk svipbrigði, tilfinningar og meiningar út í tilveruna. Ef til vill er þeim sama um komufólk - en þó tilbúnir að láta vita af sér með kröftunum hætti. Annar vasinn vill trana sér fram svipsterkur og eins og tilbúinn til að höggva í mann og annan. Hinn fer sér hægar - horfir inn á við. Lítur út fyrir að vera lokuð persóna. En þegar betur er að gáð þá er þetta sama persónan sem er sett fram á tvo mismunandi vegu. Svipbrigðin tákna mismunandi ástand sálarinnar frá einu augnabliki til annars. Öðrum líður greinilega vel - hinum verr. Ef til vill illa. Þannig geta sveiflurnar í mannlífínu verið. Vasarnir eru úr smíðju Rögnu Ingimundardóttur myndlistakonu og leirkerasmiðs á Seltjarnarnesi sem nú vinnur hörðum höndum að undirbúningi sýningar sem hún hyggst setja á svið á næsta ári - trúlega í september þótt opnunardagur sýningarinnar hafi enn ekki verið endanlega ákveðinn. Þar ætlar hún að sýna vasana sína. Stefnir að því að sýna 60 vasa. Ragna hefur búið á Seltjarnarnesi um langt skeið. Hún var bæjarlistamaður Seltjarnarnesbæjar árið 1998 spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

Vasar Rögnu eru af stærri gerðinni. Allt frá 30 sentimetrum upp í 70 og jafnvel stærri. Hvernig verða þeir til? „Ég er að mestu búin að móta formin þegar ég fer að huga að skreytingunum sem ég nota til þess að gefa þeim karakter. Stundum geri ég eitt form en - nokkra vasa og skreyti þá síðan með mismunandi móti. Þannig fæ ég fram breytileg einkenni - mismunandi einstaklinga þótt líkamsbyggingin sé hin sama. Hvert ég sæki fyrirmyndirnar. Ég er strákamma og horfi meira til stráka þegar ég leita þeirra.



Ragna Ingimundardóttir myndlistarmaður og leirkerasmiður á Seltjarnarnesi.

Ég þekki sálarlíf stráka eðlilega meira eftir að hafa gengt móðurhlutverkinu gagnvart sonum mínum. Hvernig það getur sveiflast og hvað kann að hafa áhrif á það. Stundum nefni ég vasana strákanöfnum.“

Framtíðin réðst hjá Katrínu Briem

Væntanleg sýning Rögnu á haustnóttum er ekki sú fyrsta á ferli hennar heldur viðbót við röð sýninga sem hún hefur haldið auk þátttöku í fjölda samsýninga í gegnum tíðina. Hún hefur meðal annars sýnt á Kjarvalsstöðum, í Danmörku, í Noregi og víðar. En hvernig kom til að Ragna valdi þessa leið í lífinu. Að gerast leirlistamaður eða leirkerasmiður eins og hún kallar sig.

Kom ef til vill ekkert annað til greina. „Ég fór snemma að fást við myndlist og þá einkum leirinn. Ég var tíu ára þegar ég fór á fyrsta myndlistarnámskeiðið hjá Katrínu Briem þeirri myndarlegu konu. Hún var mjög skapandi persónuleiki og þá var eins og þessi heimur opnaðist mér - að framtíðin væri ráðin. Ég var í 10. bekk í Valhúsaskóla þegar ég fór í starfskynningu hjá Glit og upp úr því tók endanlega ákvörðun um að leggja myndlistina fyrir mig- að verða leirkerasmiður þegar ég yrði stór.“

Nám við Gerrit Rietveld Academi

Og sú ákvörðun hefur eðlilega haft áhrif á námbrautarvalið að skólatímabilinu í Való loknu. „Já - hvort hún hafði það. Eftir að ég lauk vorprófunum í Való fór ég beint í inntökupróf í Myndlistar- og handíðaskólans forvera Listaháskóla Íslands. Ég stundaði svonefnt undirbúningsnám í tvö ár og síðan framhaldsnám í önnur tvö. Ég vildi vera vel undirbúinn og undirbúningsnámið fannst mér mikilvægt. Ég veit ekki hvort fólk á þess kost í dag að koma eins vel undirbúið til náms - til dæmis í Listaháskólann og var á meðan Myndlistar- og handíðaskólinn starfaði. Ég veit að einkaskólar-skólar á borð við Myndlistarskólann í Reykjavík og fleiri skóla sinna þessu ágætlega en spurning um hvort námstíminn þar er nægilega langur.“ Og hvað svo? „Eftir þetta hélt ég til Hollands og fór til náms við Gerrit Rietveld Academi sem er listaháskóli og hóf þar nám í módelsmíði. Nei - það voru ekki mikið viðbrigði að koma Hollands. Ég reyndi að undirbúa mig eins vel og ég gat en þarna varð maður að skipuleggja sjálfur hvað maður vildi gera. Ég var að gera áætlun fyrir sjálfa mig fyrir hálf tveimur árum síðan - hvað maður ætlaði að gera á næstu önn og síðan í annarlok varð hver nemandi að halda fyrirlestur og segja frá hvað hann hafi verið að gera. Ef það tókst ekki mátti sá hinn sami fara heim. Ekki yrði um frekara nám við skólann að ræða. Ég man eftir að einn nemandi á mínum námsárum sem ekki stóð sig í þessu og var umsvifalaust sendur heim. Þetta var strangur skóli. Þetta var aðeins fyrir tíma ídealismans - þegar hugmyndalistin varð allsráðandi. Þarna var gerð krafa um að handverkið væri í lagi.“

Hjónaband og Danmerkurför

Ragna kom heim að loknu náminu í Hollandi til að hefja störf og halda áfram á listabrautinni. Eitt sinn skrapp hún á ball hjá Tækniskólanum. Þar hitti hún ungan mann sem var að nema tæknifræði Jón Júlíusson og úr þeim kynnum varð hjónaband. Jón var þá á leið til Danmerkur til framhaldsnáms og slóst nýja eiginkonan að sjálfsögðu með í för - kveðst ekki hafa viljað sleppa honum lausum. Ragna starfaði þó sem iðjuþjálfari á geðdeild um tíma þangað til að Danmerkur förin varð að veruleika. „Nei ég fór ekki í framhaldsnám í myndlist eða leirkerasmið í Danmörku en fór til að finna mér annað viðfangsefni. Ég fór ég í nám í klæðskurði sem varð til þess að ég fór að sauma brúðarkjóra um tíma en er löngu hætt því.“

Húskuldi og fangelsi í Hollandi

En voru viðbrigði að fara til Danmerkur eftir að hafa dvalið í Hollandi. „Já þau voru umtalsverð. Á þeim tíma var allt mun frjálst í Danmörku. Maður gat verið mun öruggari í Hollandi. Sem dæmi um öryggisgæsluna þá þurfti maður alltaf að vera með vegabréfið á sér. Það voru teknar



stikkprufur hjá fólki hvort það væri með passann sinn á sér eða ekki. Ef fólk var gripið passalaust þá var því bara stungið í steininn. Ég lenti eitt sinn í þessu. Ég var í strætó þegar ég var spurð um passann – og ég var ekki með hann. Mér var bara stungið inn. Svo náði ég í vinkonu mína, sagði henni hvernig ástatt væri og bað hana að koma með passann. Hún kom svo og leysti mig út. Annað sem mér er minnisstætt frá Hollandi er kuldinn. Það var svo kalt í húsunum að stundum var skárna að fara út á morgnana til þess að klæða sig. Sama hvernig veðrið var þá var alltaf slökkt á kyndingunum á nóttunni. Kuldinn gat orðið næstum óbærilegur. Eins og margir þekkja getur orðið kalt í Danmörku á veturna en þar er ekkert sem jafnast á við húskuldann í Hollandi. Maður veit ekki fyrr en eftir að hafa búið erlendis hversu við höfum það gott hér á landi“

Eins og að skrifa bækur

Ragna flakkaði nokkuð á milli Danmerkur og Íslands á þeim tíma því hún stundaði einnig kennslu við Myndlistar- og handíðaskólann. „Ég kom og kenndi einn og einn kúrs og fór svo aftur. Þetta var á árunum 1987 og fram til 2001 en eftir að ég kom heim alkominn frá Danmörku snéri ég mér alfarið að leirmunagerðinni.“ Ragna segir að sig hafi stundum langað til þess að fara að mála en hugsað sem svo að betra væri að einbeita sér að einni listgrein. Betra að verða góður í einu en að vera sífellt að hoppa á milli þótt sumir geri það og stundum með góðum árangri. „Ég mála auðvitað en vasana mína. Þetta er eins og



Vasar Rögnu eru persónulegir og líkast því að þeir tali mannamál.

að skrifa bækur. Það býr einhver persóna að baki hvers vasa. Sumir eru vinir – aðrir óvinir og allt þar á milli. Ég er líka dálítill einfari í mér. Finnst best að vera ein þegar ég er að vinna og drífa hlutina af. Þetta er misjafnt. Sumum finnst betra að vera innan um fólk. Deila jafnvel vinnuástöðu og plássí.“

Vasarnir mínir eru persónur

Ragna er uppalin á Seltjarnarnesi en kom ekkert annað til greina en koma þangað aftur eftir að hafa dvalið erlends um tíma. „Ég var alltaf harðákveðin í að koma til baka á Nesið. Bóndinn er uppalin í Laugarnesherfinu en ég dró hann með mér hingað. Hann fékk engu um það ráðið ef ég á að segja sjálf frá. Hvort við eigum eftir að flytja. Við höfum engin áform um það. Alla vegu ekki enn sem komið er. Ég er með vinnustofu í bílskúrnum. Hún hefur alltaf verið á sínum stað hvert sem ég hef farið og alltaf getað gengið að henni vísi. Staðsetningin hefur hentast vel – einkum til að sinna fjölskyldunni með fram listsköpuninni. Það hefur auðveldað mér að vera til fyrir strákana en þeir eru nú að vaxa úr grasi. Annar er í Kvennaskólanum og hinn er í Háskóla Íslands. Kvennó og MR voru hverfisskólar en nú er þetta orðið opnara. Ég veit um marga krakka af Nesinu sem fara og hafa farið í Versló. Þetta dreifist talsvert. Jóhannes bróðir minn sem er optiker fór í Menntaskólann við Hamrahlíð. Nesbúarnir fara hér og þar þótt margir komi aftur. Ég held að Nesið feli það einhvern veginn í sér að fólk leitar til baka.“ Á leiðinni til baka af bókasafninu á Seltjarnarnesi þar sem þetta samtal fór fram fannst komumanni að vasarnir tveir væru að gefa sér auga og hafði orð á því við höfund þeirra. „Þeir eiga líka að gera það. Þeir eiga að hafa erindi við umhverfið. Vasarnir mínir eru persónur.“ sagði Ragna Ingimundardóttir myndlistarmaður og leirkerasmiður að lokum.

Fasteignasalan ykkar

Starfsmenn Foldar
fasteignasölu hafa átt
áratugalöng ánægjuleg
viðskipti við Seltirninga

Við skoðum og verðmetum fasteignina þína þér
að kostnaðarlausu og án allra skuldbindinga.
Þessa dagana erum við með á skrá eignir í
Vesturbæ Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi sem
eingöngu eru til sölu í skiptum.

Til að fá upplýsingar og/eða ráðgjöf fagmanna
hafðu samband við okkur í síma 552 1400 eða
með því að senda tölvupóst á fold@fold.is. Þú
finnur okkur líka á fold.is og á facebook.

Viðar Bóðvarsson
viðskiptafræðingur
löggiltur fasteignasali
vidar@fold.is - sími 694 1401

Gústaf Adolf Björnsson
íþróttifræðingur
löggiltur fasteignasali
gustaf@fold.is - sími 895 7205

Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfræðingur
rakel@fold.is - sími 699 0044

Kristín Pétursdóttir
löggiltur fasteignasali
kristin@fold.is - sími 824 1965



 **FOLD**
FASTEIGNASALA

Sígild jól

- jólatónleikar í Seltjarnarneskirkju
8. desember

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzó-sópran stendur fyrir jólatónleikum undir yfirskriftinni Sígild jól í Seltjarnarneskirkju 8. desember kl 20. 00. Dagskráin verður bæði falleg, hátíðleg og þjóðleg. Flutt verða sígild verk í anda jólanna m.a. eftir Handel, Purcell, Mozart í bland við þekkt íslensk og erlend jólalög og sálma.



Hallveig Rúnarsdóttir og Sigríður Ósk Kristjánsdóttir.

Flytjendur eru tónlistarmenn í fremstu röð. Sigríður Ósk var tilnefnd til tónlistarverðlaunanna 2016 fyrir hlutverk Rosinu í Rakaranum frá Sevilla í uppfærslu Íslensku óperunnar og Drottningarinnar af Saba í óratoríunni Salómon eftir Handel sem var flutt á kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju og Hallveig var valin söngkona ársins 2014 fyrir hlutverk Mikaelu í óperunni Carmen eftir Bizet í uppfærslu Íslensku Óperunnar. Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzó-sópran og Hallveig Rúnarsdóttir sópran ætla að koma tónleikagestum í hátíðarskap með himneskum jólasöngvum. Á dagskránni eru íslensk og erlend jólalög, sálmar, ariur og dúettar. Um meðleik sér Lenka Mátéová orgelleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Niels T. Girerd betur þekktur sem Nilli verður kynnr kvöldsins. Tónleikarnir með yfirskriftinni "Sígild jól" fara fram í Seltjarnarneskirkju við tindrandi kertaljós.



Aðventukvöld verður 27. nóvember

Aðventukvöld Seltjarnarneskirkju verður fyrsta sunnudag í aðventu, 27. nóvember, og hefst kl. 20:00. Ræðumaður kvöldsins verður Björgólfur Jóhannsson forstjóri Icelandair Group.

Dagskráin hefst með almennum söng sem Kammerkór kirkjunnar leiðir.

Síðan taka Litlu snillingarnir sem eru barnakór Mýrarhúsaskóla og Seltjarnarneskirkju og Gömlu meistarnir sem er sönghópur eldri borgara á Seltjarnarnesi við með jólasyrpu og almennum söng. Elmar Gilbertsson tenór syngur, m.a. Ave Maria e. Sigvalda Kaldalóns og Indriða Einarsson. Eftir það verður hátíðarræða Björgólfs, Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngur þrjú jólalög og þarnaest leiðir séra. Bjarni Þór Bjarnason bæn. Dagskráin lýkur með almennum söng þar sem gestir syngja Heims um ból. Áætlað er að dagskráin taki u.þ.b. klukkutíma, og að henni lokinni verður boðið upp á kaffiveitingar í safnaðarheimilinu. „Fjölmennum í kirkjuna okkar og njótum góðrar stundar,“ segir í frétt frá Seltjarnarneskirkju.



Jólin eru bliss!



**FLOHETTAN
- DRAUMA-
JÓLAGJÖFIN Í ÁR!**

Flohetta & fótaflot
16.400 kr, einnig á
www.systrasamlagid.is



**DRAUMA-JÓGA-
FATNAÐURINN!**

Mjúkur og sterkur fyrir jóga og lífið.

Lífæran "Fair Trade" bómull.



**MÖNTRU ARMBÖND
- OG DRAUMAR RÆTAST!**

Silfrúð,
gyllt,
rósagull.

Á konur og karlmenn.



**DRAUMA-JÓGADÝNUR
SEM SKARA FRAM ÚR!**

**Manduka eru
Taj Mahal jógadýnanna**

**PRO eKO light
PROlite eKO superlight
eKO**

Og allt annað fyrir jógaiðkun.

Lækkað verð v/ hagstæðs gengis.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

Foreldramorgnarnar í Seltjarnarneskirkju

Foreldramorgnarnar eru í Seltjarnarneskirkju alla fimmtudaga frá kl. 10 til 12. Þar hittast foreldrar með börnin sín, drekka kaffi og með því og spjalla.

Reynt er að hafa þessa morgunstundin sem notalegastar. Reynsla hefur sýnt að morgunstundir sem þessar henta foreldrum með ungabörn og myndast oft sterk tengsl

og trúnaður á milli fólks á þessum stundu. Meira er um að konur/mæður notfæri sér þetta en pabbar eru aðeins teknir að mæta. Aldrei er ofmælt að þessar morgunstundir eru að sjálfsgöðu ætlaðar bæði mæðrum og feðrum og full ástæða til að hvetja nýbakaða foreldra til að kynna sér foreldramorgnana.



Björg Torfadóttir sér um foreldramorgnana í Seltjarnarneskirkju.

AUGLÝSING um deiliskipulag á Seltjarnarnesi

Í samræmi við 41-43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi á Seltjarnarnesi.

Vestursvæði

Bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkti þann 9. nóvember 2016 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi Vestursvæðis á Seltjarnarnesi, sem nær yfir nokkur eldri deiliskipulagssvæði vegna Lækningaminjasafns, vestan íbúabyggðar, Suðurnes, Gróttu, Safnatröð og svo til viðbótar íbúðagöturnar, Sefgarðar, Sævargarðar, Neströð, Nesbala og húsin við Lindabraut vestan götu ásamt öllum strandsvæðum. Gerð er tillaga um uppbyggingu á nokkrum lóðum. Deiliskipulagssvæðið umlykur deiliskipulag íbúðasvæðisins í Bygggördum sem ekki er hluti deiliskipulags Vestursvæðis.

Tillaga að nýju deiliskipulagi Vestursvæða, sem hér er auglýst, er í samræmi við tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi með gildistíma 2015-2033, sem auglýst var laugardaginn 5. nóvember í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi á 1. hæð skrifstofu Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 2 virka daga kl. 8:00 -14:00 frá 14. nóvember 2016 til 31. desember 2016. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, www.seltjarnarnes.is undir liðnum skipulagsmál.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingar og athugasemdir við tillöguna skal skila skriflega til Þjónustuvæðis Seltjarnarnesbæjar merkt, **b.t. byggingarfulltrúa**, eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en **31. desember 2016**.

Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Seltjarnarnesi, 10. nóvember 2016.
Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.



Seltjarnarnesbær

www.seltjarnarnes.is

Endurskoðað aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar auglýsir eftir athugasemdum við endurskoðað aðalskipulag sveitarfélagsins, með gildistíma 2015-2033. Tillagan er sett fram í greinargerð, tveimur skipulagsuppráttum og átta þemauppráttum. Þar kemur fram stefna sem skiptir bæjarbúa miklu máli og varðar fjölmarga þætti, svo sem þróun byggðar, landnotkun og innviði. Tillagan nær til alls lands innan sveitarfélagsins. Íbúar eru því hvattir til að kynna sér hana vel.

Nú er í gildi Aðalskipulag Seltjarnarness 2006 - 2024. Tekin var ákvörðun um endurskoðun þess á fundi bæjarstjórnar þann 25. júní 2014. Lýsing var kynnt í október 2014 og tillaga á vinnslustigi í apríl 2015. Haldnir voru þrjú almennir fundir á þessum tíma til að kynna verkefnið. Samkvæmt tillögunni er í meginatriðum stefnt að áþekku fyrirkomulagi og verið hefur en ýmsir þættir stefnunnar útfærðir nánar. Skipulagsgögn hafa verið uppfærð til samræmis við núgildandi skipulagslög og -reglugerð.

Í greinargerð tillögunnar er að finna umhverfisskýrslu þar sem farið er yfir líkleg áhrif helstu breytinga sem tillagan felur í sér.

Tillöguna má skoða á vef sveitarfélagsins (www.seltjarnarnes.is) en útprentað eintak á bæjar-skrifstofu, Austurströnd 2 og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166 í Reykjavík. Öllum þeim sem vilja gera athugasemdir við efni tillögunnar er boðið að senda þær skriflega til bæjar-skrifstofu Seltjarnarnesbæjar, eða í tölvupósti til **postur@seltjarnarnes.is**, í síðasta lagi 31. desember 2016 en tillagan verður til sýnis með fyrrgreindum hætti fram á þann dag.

Mótun tillögunnar, þ.m.t. kynning og samráð, er í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Umhverfisskýrsla er sett fram í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Auglýsing þessi er skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

SÖNGUR, SÖGUR OG SAMVERA

Eldri borgarar á Seltjarnarnesi er öflugur og jákvæður hópur með vítt áhugasvið og óhætt að segja að góð þátttaka sé í starfinu.

Í félags og tómstundastarfinu er fjölbreytt dagskrá þar sem allir sem áhuga hafa ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Þó er það svo að alltaf má gera betur og þá kemur að því hjálpast að við að finna hvar þörfin og áhugasviðið liggur og það gerum við með því að tala saman og koma með hugmyndir. Ef fólk lumar á slíkum dagskrárhugmyndum sem gætu rúmast innan okkar sviðs þá endilega lát heyrna.

Á kynningarfundinum í Félagsheimilinu í haust þá skrifaði fólk sig á lista sem lágu frammi varðandi áhuga á ýmsum námskeiðum og viðburðum. Tvennt er það sem ekki hefur verið hægt að uppfylla en það er tungumálanámskeið og dansnámskeið. Að vísu bauðst dansáhugafólkinu námskeið í Valsheimilinu en á tungumálanámskeiðin var skráning of lítil til að hægt væri að koma því á fót, en vonandi rættist úr því síðar.

Varðandi áhugakönnun á sameiginlegri ferð til Kanarí seinna í vetur þá eru þegar komnir nokkrir á skrá. Kynning á þeim ferðum sem í boði eru og koma til greina verður áður en langt um líður. Áhugasamir eru áfram hvattir til að skrá sig hjá Kristínu.

En að öðrum kosti þá er sjálfsagt að aðstoða fólk við að finna auglýst námskeið úti í bæ ef áhugi er fyrir því.

En ef til vill eru einstaklingar meðal eldri borgara hér á Nesinu eða innan bæjarfélagsins sem væru til í að taka að sér að liðsinna hvað þetta varðar og það væri það allra skemmtilegasta. Getan og hæfileikarnir eru örugglega til staðar.

Heyrst hefur og oft komið fram hjá félagsmiðstöðvum eldri borgara víða í kringum okkur að einstaklingar, listamenn eða hópar og jafnvel afkomendur bjóði eldra fólk upp á viðburði og eða uppkomur af ýmsum toga eins og upplestur, söng, hljóðfærleik, leiðsögn, heimsóknir og ýmslegt annað þar sem báðir aðilar fá að njóta. Þetta leiðir af sér aukna þátttöku, gleði, þakklæti og breiðari dreifingu aldurs. En það verður að segjast eins og er, að hér á Seltjarnarnesi hefur þetta verið í litlum mæli og nánast óþekkt. Ekki trúum við því að ástæðan sé að við eigum ekki hæfileikafólk á hinum ólíkustu sviðum eins og önnur bæjarfélög. Góð samvinna hefur þó verið við einstaka stofnanir innan bæjarins, kirkjuna og golfskálann. En það má alltaf gera betur og því verður vel tekið á móti öllum ábendingum og þeim sem sýna áhuga.

Dagskrá næstu daga og vikur:

Þriðjudaginn 15. nóvember kl. 14.00. Bíó í salnum á Skólabraut.

Miðvikudaginn 16. nóvember kl. 14.00. Snrytivörukynning og sala. Avon

Fimmtudaginn 17. nóvember kl. 20.00. Kvöldsamvera í salnum á Skólabraut.

Hafsteinn Þórólfsson flytur lög eftir langafa sinn Oddgeir Kristjánsson við undirleik Aðalheiðar Þorsteinsdóttur. Léttar veitingar. Skráning.

Sunnudaginn 27. nóvember kl. 20.00. Aðventukvöld í kirkjunni.

Fimmtudaginn 1. desember kl. 13.30. Félagsvist í salnum á Skólabraut.

Sunnudaginn 4. desember kl. 19.30. Þjóðleikhúsið. Maður sem heitir Ove.

Jólahlaðborð á Hótel Örk **miðvikudaginn 7. desember.** Skemmtidagskrá, gisting og morgunverður. Skráning.

Fimmtudaginn 8. desember kl. 13.30 jólabingó í salnum á Skólabraut.

Fimmtudaginn 15. desember. Söngur og súkkulaði. Síðdegisstund í aðdraganda jólanna.

Allar nánari upplýsingar og skráning er hjá Kristínu í síma 8939800.

Ath. Að öllu öðru leiti er dagskráin samkvæmt áður útgefna dagskrárblaði.

UMHVERFISHORNID

Fugla mánaðarins - Rauðhöfðaönd



Rauðhöfðapar, steggurinn til vinstri.

Rauðhöfðaönd er buslönd eða hálfkafari, skyld stökköndinni. Hún er reglulegur gestur á tjörnnum frá hausti framá vor, en hverfur að mestu yfir hásumarið. Rauðhöfðar sjást líka á sjónum þar sem endur safnast saman á veturna, eins og við Tjarnarstíg. Stærsti hópurinn á Bakkatjörn sást í lok ágúst, 60 fuglar og í Dal í Suðurnesi, 17 um miðjan sept. Kynjamunur er töluverður hjá rauðhöfðanum, steggurinn er skrautlegur, meðan kollan er brúnflikrótt; hún þarf að liggja á hreiðrinu og þá er gott að vera felubúin. Með rauðhöfðunum er tíðum amerískur ættingi, ljóshöfðaönd, 1-2 steggir flest ár á Bakkatjörn.

Jóhann Óli Hilmarsson, johannoli.com

Fuglaskoðunarhús

Senn mun ljúka byggingu fuglaskoðunarhúss sem stendur vestan Bakkatjarnar. Ragnhildur Skarphéðinsdóttir landslag-sarkitekt hjá Hornsteinum er hönnuður hússins. Enn á eftir að setja hlera fyrir glugga og sæti inni í húsið. Húsið er að mestu unnið úr rekaviði frá Ófeigsfirði, grjóthleðslu og torfi. Húsið er vel staðsett nálægt tjörninni. Tilgangurinn með fuglaskoðunarhúsinu er að veita fuglaáhugafólki hvaðanæva að þessa góðu aðstöðu sem þarna verður í boði. Einnig næði til að virða fyrir sér fuglinn án þess að hann verði fyrir áreiti.



Fuglaskoðunarhúsið er mikilvæg aðstaða fyrir fuglaáhugafólk því Seltjarnarnesið er einstakt hvað varðar fuglalíf allan ársins hring. Seltjarnarnes er útivistarbær og er nálægðin við náttúruna á Seltjarnarnesi einstök. Fuglaskoðunarhúsið bætir þjónustu við þann hóp fólks sem nýtur þess að fylgjast með fuglum í sínu náttúrulega umhverfi.

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar Seltjarnarness

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson

www.utforin.is



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



NES FRÉTTIR

Sími: 511 1188



Tónlistarkennarar enn í kjarabaráttu

16. nóv sl. boðuðu tónlistarkennarar og skólastjórnendur FT í Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi (TS) til fundur með bæjarstjórn, fræðslustjóra og skólanefnd Seltjarnarnesbæjar. Tilgangurinn með fundarboðinu var að koma á framfæri megnri óánægju með gang samningavíðræðna Félags stjórnenda og kennara í tónlistarskólum (FT) og samninganefnd sveitarfélaga (SNS) en samningar hafa verið lausir í rúmt ár. Bæjarstjóri, Ásgerður Halldórsdóttir, tók við ályktun sem kennarar og stjórnendur sömdu og undirrituðu á fundi 11. nóv. sl.

Í ályktuninni kemur fram að FT-liðar séu langþreittir á samnings- og aðgerðarleysi í kjarabaráttunni. Þeir skoruðu á bæjaryfirvöld að beita sér fyrir því að SNS gangi til samninga hið fyrsta við FT.

Á fundinum var farið yfir stöðu mála. Þar koma m.a. fram að árið 2008 varð til launabil milli tónlistarkennara og grunnskólakennara sem ekki hefur tekist að brúa. Fram að þeim tíma höfðu þessir tveir hópar verið nokkurn veginn samstíga í launum. Ástæðan fyrir þessu bili sem myndaðist er sú að samningar grunnskólakennara voru lausir í júní 2008 og þeir lönduðu samningi rétt fyrir hrun en samningar tónlistarkennara voru lausir í nóv. sama ár og því fór sem fór.

Fundurinn með bæjarstjórn fór vel fram, var fámennur en góðmennur og bæjarstjóri tók vel í sjónarmið tónlistarkennara. Er það von starfsmannanna í TS að með þessum fundi sé vakin athygli á þessari alvarlegu stöðu sem kjaramál þeirra eru í og að hægt verði að finna lausn sem fyrst.

Seltjarnarnesbær á 15 félagslegar íbúðir

Seltjarnarnesbær á 15 félagslegar leiguíbúðir. Íbúðir þessar eru leigðar fólki sem býr við erfiðar aðstæður fjárhagslegar sem félagslegar.

Nokkuð hefur verið rætt um að Seltjarnarnesbær eigi ekki slíkar íbúðir og sinni þessu hlutverki bæjarfélagsins því ekki. Þessi orðrómur hefur verið svo sterkur að bæjarstjórn hefur séð ástæðu til þess að að koma upplýsingum um félagslegu íbúðirnar á framfæri samanber bókun frá fundi bæjarstjórnar frá 8. nóvember sl. þar sem segir: „að gefnu tilefni vill Seltjarnarnesbær koma því á framfæri að bæjarfélagið á 15 félagslegar leiguíbúðir sem leigðar eru fólki með bágan fjárhag og erfiðar félagslegar aðstæður.“

Nailberry - himnasending fyrir heilsu & hátísku!

Hleypa í gegn raka og súrefni

NÝTT!!



www.systrasamlagid.is

APOTEK
KITCHEN+BAR



JÓLIN Á APOTEKINU

FRÁ KL. 17

7 rétta jólaveisla

FORDRYKKUR – freyðivín

TE GRAFINN LAX

Skallottukrem, dillmæjó, hrogn, súrdeigs kex

ANDABRINGA

Gulrótarkrem, portvínssósa

ÍSLENSKT LANDSLAG

Nauta tartar, reyktur ostur, rúgbrauð, pikklaður laukur, ediksnjór

LETURHUMAR

Jólatré og beurre noisette

SVÍNASÍÐA

Reykt sellerí-purée, kirsuberjasósa, fersk epli, pikklaður skallottulaukur

GRILLUÐ NAUTALUND

Jarðskokka og hvítsúkkulaði-purée, steiktur næpur með sveskjum og heslihnetum, kaffi-hollandaise

EFTIRRÉTTUR

JÓLAKÚLA

Kryddkex, karamelluseruð hvítsúkkulaðimús, epla og fáfnisgrasfylling



8.900 kr.

BORDAPANTANIR Í SÍMA 551 0011

Aðeins framreitt fyrir allt borðið.

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 // apotek.is



Cheeriosmót Gróttu

Barna- og unglingaráð handknattleiksdeildar Gróttu hélt fyrsta 8. flokks mót vetrarins fyrir bæði stúlkur og drengi helgina 5. til 6. nóvember sl.

Þá mættu um 450 börn úr 1. og 2. bekk, með 90 lið frá 17 félögum, tilbúin til leiks í Hertz-höllina og buðu upp á frábæra skemmtun alla helgina. Skemmt er að segja frá því að Cheeriosmótið gekk mjög vel fyrir sig og iðkendur, þjálfarar og foreldrar voru til fyrirmyndar, en gaman var að sjá hversu margir mættu til að horfa á og styðja þessa frábæru krakka, sem margir hverjir voru að keppa á sínu fyrsta handknattleiksmóti. Vonandi halda þau áfram á þessari braut því framtíðin blasir við þeim ef fram heldur sem horfir. Í lokin fengu allir keppendur verðlaunapening

og ís til að kæla sig niður.

Handknattleiksdeild Gróttu langar að nota tækifærið og þakka þeim foreldrum 8. flokks barna sem sáu sér fært að styðja við barna- og unglingaráð með bakstri fyrir sjoppuna og sérstaklega þeim frábærum Gróttukrökkum sem stóðu vaktina með okkur á klukku og í sjoppu alla helgina. Þau eiga sérstakt hrós skilið fyrir framlag sitt til félagsins.



Þórhallur Dan með forráðamönnum Gróttu.

Þórhallur Dan tekur við Gróttu

Þórhallur Dan Jóhannsson er nýr þjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu en hann skrifaði undir tveggja ára samning við Gróttu. Hann tekur við liðinu af Úlfi Blandon sem hætti á dögunum eftir að hafa stýrt Gróttu upp í Inkasso-deildina í sumar.

Þórhallur Dan hefur undanfarin tvö ár verið aðstoðarþjálfari hjá Haukum en hann hætti þar eftir tímabilið á sama tíma og Luka Kostic hætti sem þjálfari.

„Þórhallur er reyndur leikmaður og þjálfari sem náði ásamt Luka Kostic eftirtektarverðum árangri með ungt lið Hauka svo

hann passar vel inn hjá okkur,“ segir Hilmar S. Sigurðsson, formaður knattspyrnudeildar.

Þórhallur Dan var áður þjálfari hjá Álftanesi í 3. deildinni árin 2011 og 2012.

Á sínum tíma spilaði Þórhallur lengi í efstu deild með Fylki og Fram áður en hann kláraði ferilinn í Haukum þar sem hann hjálpaði liðinu upp úr annarri deild í Pepsi-deildina og spilaði með liðinu þar árið 2010.

Knattspyrnudeild býður Þórhall velkominn á Nesið og hlakkar til samstarfsins!

Góður árangur á Haustmóti FSÍ

Gróttu átti 29 keppendur á Haustmóti FSÍ sem haldið var í tveimur hlutum. Fyrri hluti mótsins var haldinn á Akureyri helgina 28. – 30. október þar sem keppt var í liðakeppni í 4. og 5. þrepi. Gróttu átti lið í öllum aldursflokkum og stóðu þau sig vel, Diljá Elíasdóttir, Brynhildur Glúmsdóttir, Sigurlína Sól Valþórsdóttir, Margrét Lára Jónsdóttir og Sara Gunnlaugsdóttir urðu í 3. sæti í 4. þrepi 11 ára.

Seinni hluti mótsins var haldinn í Grafarvogi helgina 4. - 6. nóvember í umsjón Fimleika-deildar Fjölnis. Gróttu átti 11 keppendur í þeim hluta og keppt var í 1., 2., og 3. þrepi og frjálsum æfingum. Laufey Birna Jóhannsdóttir varð í 2. sæti í fjölþraut í 1. þrepi 13 ára og yngri. Auk þess fengu Gróttustelpur verðlaun á einstökum áhöldum.

Þjálfara stúlkunnanna eru þau Anna Sóley Jensdóttir, Gabriella Belányi, Sesselja Järvelä, Tinna Rut Traustadóttir, Eva Katrín Friðgeirsdóttir og Hrafnhildur Sigurjónsdóttir.

Við óskum bæði þjálfurum og iðkendur til hamingju með þennan góða árangur.



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

Jólatónleikar Selkórsins

Jólatónleikar Selkórsins verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 11. desember kl. 16:00.


Að þessu sinni verður alþjóðlegur blær á tónleikunum því flutt verða jólalög frá ýmsum löndum. Stjórnandi kórsins er Oliver Kentish og meðleikari Dagný Björgvinsdóttir. Aðgangseyrir er kr. 2.000.- og hægt er að kaupa miða við innganginn. Selkórinn býður tónleikagestum upp á kaffi og smákökur í hléi.



Á vakt með Sæma rokk

Í nýtkominni bók, Vilji er allt sem þarf – endurminningar séra Vigfúsar Þórs Árnasonar, segir hann meðal annars frá því þegar hann vann sem lögreglumaður á námsárum sínum í guðfræðideildinni. Þar kynntist hann einni af hetjum Seltjarnarness, Sæma rokk, og segir svo frá einni vakt þeirra saman:

Ég var stundum á vakt með Sæmundi Pálssyni, Sæma rokk. Við fórum yfir á Röðul og í Þórskaffi til að líta eftir hvort ekki væri allt eins og það átti að vera. Við komum í eitt skiptið inn á Röðul og Helga Möller, sem þar réði ríkjum, tók á móti okkur og gaf okkur smurbrauð og gos. Við vorum í eftirlitsferð með bandarískum lögreglumanni, óeinkennisklæddir. Þarna var allt í besta lagi og hljóm sveitin hörkufin, líklega Stebbi og Lúdó, nema Sæmi stóðst ekki mátið, snaraði sér inn á sviðið og rokkaði alveg brjáláð. Ég hafði dálitlar áhyggjur út af þessu af því að við vorum á vakt og þessi dans var ekki inni í starfslýsingunni. En Sæmi var öllu vanur og auðvitað gerðist ekkert annað en að hann rokkaði þarna sér og öðrum til mikillar ánægju. Ég komst að því seinna að hann hafði stundum gert þetta áður. Sæmi var góður lögreglumaður, afbragðs gott að vera með honum á vakt. Hann gat talað alla til, hann vildi engin læti og náði yfirleitt alltaf samkomulagi. Þess utan segir séra Vigfús Þór frá mörgum skemmtilegum atvikum í bókinni, svo sem “illa lyktandi guðfræðinemum” á ferð í Færeyjum og óvenjulegri jarðarför hins eina og sanna Gústa guðsmanns. Ragnar Ingi Aðalsteinsson sem skráir endurminningarnar og Bókaútgáfan Hólar gefur þær út.



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinn er Jóhann Þór Gunnarsson 16 ára Seltirningur. Í Valhúsaskóla var hann formaður nemendaráðs en stundar nú nám við Menntaskólann í Kópavogi þar sem hann er á þjónabráut. Jóhann er virkur í félagslífinu á Seltjarnarnesi og er meðlimur Ungmennaráðs Seltjarnarness. Jóhann er mikill handboltaáhuga maður og fer lítið fyrir honum á heimaleikjum sem og útileikjum.



Fullt nafn? Jóhann Þór Gunnarsson.

Fæðingardagur og ár? 17. apríl 2000.

Starf? Hamingjusamur starfsmaður á Krispy Krems.

Farartæki? Strætó, ef ekki strætó skutlar bróðir minn bara.

Helstu kostir? Hress og ófeiminn.

Eftirlætis matur? Sushi og Pizza.

Eftirlætis tónlist? Allt með Beyoncé.

Eftirlætis íþróttamaður? Bræður mínir, Lárus og Gísli.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Faking it, Skam og keeping it with the Kardashians.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Gleymdu stúlkurnar.

Uppáhalds leikari? Melissa McCarthy.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Spy.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Er með vinum mínum, fer í vinnuna og mæti á allskonar viðburði með ungmennaráðinu.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Tenerife.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta?

Beyoncé og Kardashians systurnar.

Uppáhalds vefsíða? Facebook.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Bíl

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Ég myndi

kaupa mér bíl og setja afganginn inn á banka.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi

stækka íþróttahúsið, byggja yfir félagsheimilið og fá almennilegan útsýnis sal. Svo myndi ég vilja fá útsýnisparadís á Nesið.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Klára menntaskóla og vinna sem flugþjónn og enda ferilinn á að verða hótellstjóri.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég fór með mömmu og bróðir mínum til Tenerife og var að vinna í ísbúð Vesturbæjar.

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

JOLAMATSEÐILL TAPASBARSINS

* Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk

* 7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið

- Hvítlauksbakaðir humarhalar
- Tvíreykt hangikjötstartar með balsamik vinaigrette
- Rauðrófu- og piparrótargrafinn lax
- Spænsk marineruð síld með koriander og mangó

- Kalkúnabringa með spænskri „stuffing“ og calvados villisveppasósu
- Steiktur saltfiskur með sætri kartöflumús
- Hægelduð grísasiða með heimatilbúnu rauðkáli, fíkjum og fjallagrasasósu

Ög í lokin tveir ljúfir eftirrættir

- * Rise a la mande með berjasaft
- Ekta súkkulaðiterta

7.990 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið



Vesturgata 3B | 101 Reykjavík | www.tapas.is



Jólagóðgæti að hætti Jóa Fel



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut